

Heimadæmi 3.

ljós-einstefna, (e. optical isolator)

Gleraugin sem notuð eru við sýningar á 3D kvikmyndum í Sambíóunum hafa eftirfarandi eiginleika.

- Maður með þessi gleraugu á nefinu horfir í spegil og lokar öðru auganu. Þá sér hann aðeins spegilmynd lokaða augans en gleraugin loka fyrir sýn á spegilmynd þess auga sem er opið. Gildir einu hvoru auga hann lokar.

Einfaldar skautunarsíur geta ekki skýrt þessa virkni, sem felur í sér að ljós frá opna auganu sem kemst út í gegnum glerið og speglast til baka kemst ekki aftur að opna auganu. Skýrið hvernig gleraugin eru byggð upp, hvernig þau virka og af hverju þessi flóknari kostur er valinn fram yfir einfaldar skautunarsíur.